

Alþingi
Erindi nr. P 131/490
komudagur 6.12.2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

28. nóvember 2004

Mál: Tillaga til þingsályktunar um stofnun embættis talsmanns neytenda.

Umsögn frá Kvenfélagasambandi Íslands og Leiðbeiningastöð heimilanna.

Tillaga þess efnis að sett verði á fót embætti talsmanns neytenda til þess að styrkja stöðu hins almenna neytenda á frjálsum markaði er fagnað að hálfu Kvenfélagasambands Íslands og Leiðbeiningastöðvar heimilanna og er sammála henni í öllum liðum.

Eins og tekið er fram í greinargerð með tillögunni hefur efling neytendaverndar og – réttar ekki verið forgangsverkefni íslenskra stjórnvalda. Það er miður og teljum við nauðsynlegt og löngu tímabært að setja á fót embætti talsmanns neytenda ásamt því að efla neytendafræðslu. Samfélagið hefur breyst, heimilin hafa breyst og kröfurnar sem hinn almenni neytandi gerir eru orðnar meiri. Það er því ekki síður mikilvægt að efla alla almenna neytendafræðslu og tökum við heilshugar undir það sem kemur fram í greinargerðinni að móta þurfi heildstæða stefnu í málefnum neytenda og hringa henni sem fyrst í framkvæmd.

Eins og fram kemur í greinargerðinni hafa frjáls félagasamtök, svo sem eins og Kvenfélagasamband Íslands (sem rekur Leiðbeiningastöð heimilanna) mikilvægu þjónustuhlutverki að gegna og standa vörð um réttindi neytenda þótt með ólíkum hætti sé. Leiðbeiningastöð heimilanna er alhliða neytendafræðsla, ein sinnar tegundar hér á landi og þörf fyrir slíka fræðslu mikil. Á leiðbeiningastöðinni eru veittar upplýsingar um allt sem viðkemur heimilishaldi ásamt því að veita upplýsingar um erlendar gæðakannanir á heimilistækjum. KÍ sem eru stærstu landssamtök kvenna á Íslandi hafa stýrt þessari starfsemi allt frá árinu 1963. Eitt af markmiðum Kvenfélagasamband Íslands er að standa vörð um velferð íslenskra heimila, vinna að neytendamálum jafnframt því að vinna að útgáfu fræðslurita.

Því miður hefur dregið úr heimilisfræðikennslu í grunnskólum landsins, nemendur fá ekki í öllum tilvikum nauðsynlegan grunn varðandi heimilisstörf, neytendafræði, fjármál sem og undirstöðuatriði í matvæla- og næringarfræði. Fólk stofnar heimili fyrr, þekking og reynsla er minni og oftar en ekki koma upp vandamál. Markmið leiðbeiningastöðvarinnar er að brúa þetta bil, miðla neytendavænum upplýsingum sem

um leið eru fyrirbyggjandi, hagur fyrir neytendur og hagur fyrir þjóðfélagið. Nágrannaþjóðir okkar, Norðurlöndin sem og önnur Evrópulönd, eru mjög meðvituð um alla neytendafræðslu og gera sér grein fyrir því hvað fyrirbyggjandi leiðir skipta miklu máli. Neytendafræðikennsla á meðal barna hefst snemma og þau læra fljótt að þau geta haft áhrif á samfélag sitt sem neytendur, auk þess sem útgáfa á fræðsluefni er mikil.

Í ljósi fyrrnefndra atriða er það vissulega fagnaðarefni að sjá þingsályktunartillögu um stofnun embættis talsmanns neytenda. KÍ og Leiðbeiningastöðin vonar að með flutningi hennar hafi það verið markmiðið að efla neytendafræðslu á meðal almennings og um leið leggja áherslu á fyrirbyggjandi leiðir. Það er á engan hátt nægjanlegt að stofna nýtt embætti sem þetta ef það er ekki í tengslum við hinn almenna borgara. Jafnframt að huga að mikilvægi þess að ráðamenn verði meðvitaðir um mikilvægi þess að efla og styrkja neytendavitund á meðal almennings.

F.h. Kvenfélagasambands Íslands

Helga Guðmundsdóttir, forseti KÍ

**Hjördís Edda Broddadóttir,
framkvæmdastjóri Leiðbeiningastöðvar heimilanna.**